

Stjórnarfundur 09/01/2022.

Haldinn rafrænt á Zoom.

Mætt: Bergrún Stefánsdóttir (BS), Magnús Ingólfsson (MI), Kara Arngrímsdóttir (KA), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH), Atli Már Sigurðsson (AMS), Jóhann Gunnar Arnarsson (JGA), Ragnar Sverrisson (RS).

1. Afrekssjóður.

Endurgreiðsla til Afrekssjóðs er 1.141.156 kr fyrir árið 2021. Afrekssjóður hefur nú þegar greitt 5.000.000 fyrir árið 2022 og samkvæmt sjóðnum er það greiðsla fyrir fyrri hluta ársins.

2. Rig 2022.

Mótið er áætlað 5. febrúar og fer fram í Íþróttahúsinu í Strandgötu.

Hugmynd er að vera með liðakeppni á milli landa á Rig 2022 sem verður sett í útsendinguna um kvöldið.

Yrði þá valið eitt par í latin og eitt par í ballroom í lið Íslands.

Möguleiki er að við gætum verið með 6 lið í landakeppni á mótinu meðal annars frá Noregi, Svíþjóð og Portúgal.

Athuga hvort hægt sé að vera með sýningaratriði, annars vegar barnahóp og svo junior 2 hóp til að vera með liðakeppni í sjónvarpsútsendingu.

Fyrirspurn var borin upp hvort keppt yrði í PD flokk og verður athugað með það og rætt frekar í tölvupóstum á milli stjórnar.

3. Skipulagsmál varðandi mótin 2022.

Ennþá vantar húsnæði fyrir mótið í lok febrúar og er biðlað til félaga og allra sem mögulega geta hjálpað að finna húsnæði fyrir mótið.

Tölvudeild sendi póst á stjórn með að ef par hafi óskir um að keppni í þeirra flokki þurfi að vera ákveðinn dag að það sé skráð með í skráningarformi á keppni í stað þess að það komi þegar rennsli er gefið út.

Búa þarf til einhvern ramma sem hægt er að fara eftir þegar breytinga er óskað á rennsli.

Óskað var einnig eftir að aðskilja tölvupóstfang fyrir skráningar og svo pósta fyrir athugasemdir, breytingar og annað slíkt og er það samþykkt. Auk þess var rætt um að einunfis einn tengiliður frá félagi td. formaður félags sjái um samskipti við keppnisstjórn svo hægt sé að minnka álag fyrir mótin.

4. Landslið.

Komin er ein umsókn um stöðu afrekstjóra.

Gera þarf rammasamning svo hægt sé að semja við aðila til að sinna tækniþjálfun landsliðsins fyrir árið 2022.

Umræður sköpuðust um hvernig væri hægt að hafa þessi mál og hvað gæti hentað best svo hægt sé að tryggja að öll þör sitji við sama borðið og eigi jafna möguleika á að nýta það fjármagn sem ætlað er í afrekspjálfun landsliðs.

Talað er um að fyrri hluta árs verði dómamar nýttir til þjálfunar landsliðs og seinni hluta verði notaðir þeir þjálfarar sem þörin óska eftir.

Hugmynd kom að stjórnarmenn sendi inn hugmyndir sem hægt er að senda á Aðalstein til að skipuleggja starfið og ætlar BS að útbúa skal sem stjórnarmenn geta bætt inn hugmyndum.

Rætt er um að þau þör sem keppa í frjálsu og ná ekki inn í landslið samkvæmt úrslitum í mótum að þeim verði boðið á hópæfingar og mögulega á fyrirlestra landsliðsins og er það samþykkt af stjórn.

Einnig að setja sem reglu að haldin sé að minnsta kosti ein hópæfing eftir hvert mót.

5. **Önnur mál.**

a) Formannafundur

Óskað hefur verið eftir að halda formannafund sem fyrst og tekin ákvörðun að halda hann rafrænt föstudaginn 14/01/22 kl. 20:00

b) **PD.**

Óskað hefur verið eftir Íslandsmeistaramóti í PD og mun Atli senda erindi á stjórn varðandi það mál.

Að auki þarf að skoða hvernig er varðandi reglur hvort við getum haldið landsmót án þess að vera með PD dómara og PD starfsfólk.

Þannig fram farið.

Magnús Ingólfsson Ritari.

Næsti fundur 30/01/22 kl. 17:00